Brjef stjórnarráðsins *til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu* **viðvíkjandi kosningu á alþingismanni.** 81 1. júlí

Þjer hafið, herra sýslumaður, í brjefi, dagsettu 18. f. m., óskað fyrirskipunar stjórnarráðsins um það, hvort Akureyrarkaupstað beri rjettur til hluttöku í kosningu á alþingismanni í stað herra landritara Kl. Jónssonar, þeirri er fyrirskipuð er með auglýsingu 25. maí þ. á. Hafið þjer tekið það fram, að þarsem engin bein fyrirmæli sjeu um þetta atriði, hvorki í lögum nr. 18 eða nr. 19 frá 3. október 1903, verði að fara eptir því, sem sanngjarnt sje og rjettast eptir eðli málsins, og virðist yður þá eðlilegast að sýslan ráði ein kosningu þessari, án nokkurrar hluttöku af hálfu bæjarins, því að þarsem bærinn fái samkvæmt lögum nr. 19, 3 okt. 1903 þingmann útaf fyrir sig, án þess að sýslan taki nokkurn þátt í kosningu hans, virðist þaraf leiða, að bænum þá aptur beri eigi nein hluttaka í kosningu þingmanns þessa fyrir sýsluna, en bærinn sje með síðastgreindum lögum algerlega skilinn frá sýslunni sem sjerstakt kjördæmi.

Útaf þessu skal yður hjermeð til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að meðþvíað stjórnarráðið er þeirrar skoðunar, að orðin í lögum nr. 19, 3. oktbr. 1903: »og falla þá við þær kosningar o. s. frv.« eigi við þær kosningar, sem fyrstar fara fram í kaupstaðnum sem kjördæmi útaf fyrir sig, og að almennar kosningar sjeu sjerstaklega nefndar af því, að þær hafi vakað fyrir huga löggjafans sem hið eina sennilega eða fyrirsjáanlega tilfelli umleið og fyrirskipað er, að aukakosning sú, er lögin ræða um, skuli fara fram samtímis þeim, og stjórnarráðið auk þess yrði að álíta annan skilning óeðlilegan og ósamkvæman vilja löggjafarvaldsins, verður stjórnarráðið að álíta, að Eyjafjarðarsýsla útaf fyrir sig eigi að kjósa þingmann í stað landritara Kl. Jónssonar, án hluttöku af hálfu kaupstaðarins.

Brjef stjórnarráðsins *til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu* **um hvort skoða eigi súran kirsuberjasafa sem áfengan drykk.** 82 11. júlí

Með brjefi, dagsettu 2. þ. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað brjef frá sýslumanninum í Vestmannaeyjasýslu, þar sem hann skýrir frá því, að við rannsókn á súrum kirsuberjasafa, sem flytjist þangað, hafi það komið í ljós, að talsvert áfengi, 11.32% (þyngdar) = 14% (fyrirferðar) sje í nefndum vökva, og í annan stað spyrst fyrir um það, hvort eigi beri að skoða nefndan kirsuberjasafa sem annað áfengi, þótt hann að vísu upphaflega sje ætlaður til matar, og hvort eigi skuli beita hegningarákvæðum laga 11. nóvbr. 1899, um verzlun og veitingar áfengra drykkja á Íslandi, gegn þeim, er framvegis kynnu að verzla með vökva þennan, án þess að hafa leyfi til áfengisverzlunar. Jafnframt því að geta þess, að þjer sjeuð í engum efa um það, að spurningu sýslumannsins eigi að svara játandi, hafið þjer beiðzt úrlausnar stjórnarráðsins hjerum.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir nefndum sýslumanni, að stjórnarráðið getur eigi verið yður samdóma um, hverníg svara eigi umræddri fyrirspurn. Stjórnarráðið verður að vera

4. dag ágústmánaðar 1904.

Reykjavík. — Ísafoldarprentsmiðja.